



Fjölbrautaskóli Suðurlands

HÖNN2EH05 Hönnun og endurvinnsla

Kennsluáætlun – haustönn 2018

Kennari: Helga Jóhannesdóttir

Skammstöfun: HJ

Áfangalýsing:

HÖNN2EH05 Hönnun og endurvinnsla

Nemendur vinna textílverkefni út frá og upp úr eldri textíl, má blanda með nýju efni. Þemað er "Sjálfbærni í tísku". Kennari leggur inn verkefni tengd tísku og endurvinnslu. Nemendur skoða verkefni heima, velja sér eigin áherslur og vinna verkefni sín meira og minna sjálfstætt í tímum og í samvinnu við kennara. Farið verður í vettvangsferðir tengdar gömlu og nýju, t.d. í Nytjamarkaðinn eða Rauða krossinn. Nemendur kynna sér fatasöfnun og uppbyggilegar hliðar á endurvinnslu fyrir umhverfi og fjárhag almennt.

Markmið:

Að öðlast þekkingu og skilning á:

- Hugmyndavinnu
- Undirbúningi verkefna
- Notkun verklýsinga
- Einfaldri sniðagerð
- Störfum samtaka eins og t.d. Nytjamarkaðarins á Selfossi

Að öðlast leikni í að:

- Skrá hugmyndir á myndrænan hátt
- Vinna eftir verklýsingu
- Skrá verklýsingu jafnóðum og verk er unnið
- Skilja samband milli hugmynda, hráefnis, tækni, aðferða og niðurstöðu
- Skilja einfalda sniðagerð
- Skilja út á hvað endurvinnsla gengur

Að geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Geta komið hugmyndum sínum á blað
- Vinna eftir verklýsingu
- Útbúa eigin verklýsingu
- Nota einföld snið og breyta þeim eftir eigin þörfum
- Vinna verkefni frá hugmynd að tilbúnu verki
- Nýta sér almenna þekkingu á endurvinnslu, að hafa skilning á mikilvægi hennar fyrir samfélagið sem heild og út frá því að skapa eitthvað nýtt og nýtilegt

Námsefni:

Skoðun á efnivið sem fyrir hendi er í skólanum sjálfum og kennari leggur fram í upphafi annar. Efniviður í gerð hugmyndamöppu og hugmyndavinnu. Bækur, blöð, bókasafn í nágreppi og efni í netheimum. Safn notaðra og nýrra textíla, fatnaðar, efnalagers og áhalda tengdum hinum ýmsu greinum fata- og textílgerðar.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Námsefni (kennslubók)	Verkefni
1	Kynning og skipulag Hugmyndavinna tengd þemanu "SJÁLFBÆRNI Í TÍSKU"	Grunnur að vinnumöppu
1	Undirbúningur fyrir sýningarhugmyndir og vettvangsferð	Glósur í vinnumöppu
2	Skissuvinna - innlegg frá kennara - eigin skissur	Teiknigína og flöt teikning
3	Snið og sniðabreytingar - innlegg frá kennara og ljósrit Máltaka - sýnikennsla og ljósrit	1/1 snið af eigin hönnun - smásnið Öll verkefni vel merkt í vinnumöppu
4	Saumtækni - sýnishorn til fyrirmyndar	Saumaprufur tengdar aðalverkefni
5	Eigin hönnun - ákvörðunartaka með kennara	Vinnuskýrsla, uppkast
6	Fataefni keypt og/eða útveguð eftir þörfum	Sniðlög, efnisþörf og vinnuskýrsla fyrir eigin flík
7	Textílfraði, litafræði og hönnunarverkefni	Verkefni út frá innleggi 1 x í viku
8	Eigin flík mótuð, mátuð, saumuð og frágengin	Tilraunir og prufur
9	Vinna í hönnunarverkefnum	Textílfraði og litafræði
10	Myndræn vinnulýsing hreinrituð - samvinna v.kennara	Vinnulýsing hreinrituð
1 til 16	Vettvangsferð - möguleikar kynntir og ræddir	Verkefni á 2xA4 blöðum
12	Sýning og/eða kynning á verkefnum áfangans í annarlök	Vinnuframlag nemandans komi fram í vinnumöppu
13 til 16	Flík tvö hönnuð og snið undirbúin	Skissuvinna og stutt vinnulýsing

Sérreglur áfangans:

- **Efnisgjald kr. 7.000 greiðist á skrifstofu í upphafi annar.**
- Innifalið í efnisgjaldi er: Efni í vinnumöppu byggð á endurvinnslu, pappír í möppugerð og millispjöld, efni í saumaprufur, plastvasar eftir þörfum, sniðapappír, tvinni í algengustu litunum, vasafóður, rennilásar í prufur, flísélín og fleira. Afnot af textíllager deildarinnar.
- Ný og/eða nýleg sniðablöð, ásamt öllum þeim áhöldum og tækjum sem nota þarf í áfanganum.
- Nemendur þurfa að útvega sér efni í þær flíkur sem saumaðar eru.
- Athugið varðandi símat: Jafnvel þótt nemandi sé komin með einkunnina 5 í símati, er nauðsynlegt að skila að lágmarki einni tilbúinni flík og vinnumöppu til þess að ljúka þessum áfanga.
- Viðtalstími Helgu kennara er í stofu 304 í samráði við nemendur.

Námsmat:

Símat og sjálfsmat: Mæting og virkni í tímum er skráð í sameiginlega dagbók hópsins. Verkefnaskil eru skráð og yfirfarin af kennara. Nemendur og kennari bera saman og meta verkefni hópsins. Mat á umfangi verkefna í vinnumöppu eru skoðuð í sameiningu. Í annarlök verða skoðuð nánar atriði eins og frágangur og vinnubrögð við saum á eigin flík.

Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.